

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1992

7. janúar 1992

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367, 30. júlí 1991, um veiðar
í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1991
til 31. ágúst 1992.

1. gr.

2. tl. 3. gr. reglugerðarinnar verði: Úthafsækja heildaraflí 35 þúsund lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

7. janúar 1992

Nr. 2

REGLUGERÐ

um veiðar á hörpudiski frá 1. janúar 1992 til 1. september 1992.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar 1992 til 1. september 1992 skal heildaraflí hörpudisks vera sem hér segir:

Breiðafjörður	5.600 lestir
Arnarfjörður	260 lestir
Ísafjarðardjúp	330 lestir
Húnaflói	1.200 lestir

Nýtist aflamark báts, sem úthlutað er á veiðitímabilinu skv. 1. mgr., ekki að fullu bætist það sem ónýtt er við aflamark fiskveiðiársins 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 1

Prentsmiðjan Gutenberg hf.